

212

7. nóv.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, sbr. reglugerðir nr. 152/1951,  
nr. 202/1951 og nr. 10/1952, um stóreignaskatt, samkvæmt  
12. gr. laga nr. 22/1950.

1. gr.

Síðasta málsgr. 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, skotið úrskurði  
ríkisskattanevndar til dómstóla, enda sé mál höfðað í síðasta lagi 15. nóvember 1952.

2. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr.  
10 28. jan. 1952.

*Fjármálaráðuneytið, 7. nóvember 1952.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

213

31. okt.

## AUGLÝSING

um breyting á kærufresti ríkisskattanevndar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 10. apríl 1946, um breyting á lögum nr. 6 9.  
jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári  
skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar út af tekju- og eignarskatti vera til 15. nóv-  
ember n. k.

*Fjármálaráðuneytið, 31. október 1952.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Kjartan Ragnars.*

214

## EFNAHAGSREIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 31. desember 1951.

Eignir:

1. Útlán .....	kr. 28070697.55
2. Skuldabréf ríkissjóðs .....	— 2687778.54
3. Vaxtabréf Skuldaskilasjóðs .....	— 1284250.00
4. Önnur verðbréf .....	— 526500.00
5. Viðskiptamenn .....	— 17450.93
6. Inneign í Útvegsbanka Íslands h.f. ....	— 5695638.52
	<hr/>
	Kr. 38282315.54
7. Styrktarlán .....	— 628000.00
8. Bankainnstæða Styrktarlánasjóðs .....	— 9580769.28
	<hr/>
	Kr. 48491084.82